



SAMORKA



SVP



Utanríkisráðuneytið
Reykjastræti 8
101 Reykjavík
sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 12. mars 2026

Efni: Umsögn um tillögur að þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB 2028-2034

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu, SVP - Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samorka og Viðskiptaráð Íslands (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á Samráðsgátt stjórnvalda 11. febrúar.

Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB er einn af lykilávinningum af EES-samstarfinu. Íslenskir aðilar hafi staðið sig mjög vel í umhverfi samkeppnissjóða og aðgangur sem lykiláætlanir veita að alþjóðlegu rannsóknar-, nýsköpunar-, vísinda-, mennta- og menningarsamstarfi hefur skipt sköpum fyrir Ísland og skilað ómældum ábata. Vegna fámennis og ávinnings Íslands af samstarfsáætlunum er mikilvægt að stjórnvöld fylgist vel með öllum breytingum á þessu sviði. Nú eru boðaðar umfangsmiklar breytingar á skipulagi og framkvæmd áætlana sem Ísland á aðild að á grundvelli EES-samningsins. Á núverandi tímabili tekur Ísland þátt í 12 áætlunum¹ en með fyrirbyggjandi samráði stendur til að rýna 7 áætlanir. Innan þessara 7 áætlana er þó að finna einhvern hluta af þeim samstarfsáætlunum sem við höfum tekið þátt í, þ.e. breytingar á sjóðaumhverfinu hafa leitt til sameininga og útvíkkana áætlana og í sumum tilvikum er um að ræða nýja sjóði.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnvöldum eiga flestar þessara áætlana það sammerkt að vera ekki fastmótaðar heldur sveigjanlegar og taka mið af stefnum ESB í þeim málaflokkum sem eru undir. Má úr því lesa að þær kunni að vera pólitískari en áður. Sama á við um fjármagníð, það er skv. upplýsingum ekki föst stærð heldur mun það byggja á vinnuáætlunum sem ákveða fjármagn til styttri tíma innan 7 ára tímarammans. Að því marki sem slíkar vinnuáætlanir eru stefnumótandi um áherslur við val á verkefnum og veitingu fjármagns, er mikilvægt að tillit sé tekið til íslenskra hagsmuna. Í þessu kristallast mikilvægi þess að Ísland eigi sæti við borðið þegar kemur að stefnumótun ESB á vettvangi EES samstarfsins.

Samráð við atvinnulífið nauðsynlegt

Á kynningarfundum sem haldinn var í febrúar 2026 kom fram að við undirbúning að þátttöku í samstarfsáætlunum færi fram samræming á vegum utanríkisráðuneytis og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis auk reglulegrar upplýsingagjafar til ríkisstjórnar og

¹ Sjá nánar hér: <https://www.efta.int/eea-relations-eu/policy-areas/horizontal-policies/eu-programmes-eea-efta-participation>



SAMORKA



SVP



Alþingis. Samtökin vilja vekja stjórnvöld til umhugsunar um hvort ekki væri ávinning að sækja fyrir íslenska hagsmuni að fulltrúar atvinnulífsins væru hluti af því mengi aðila sem ætlað er að vera upplýst um málaflokkinn. Að sama skapi telja samtökin eðlilegt, ef fyrirhugað er að nýta tækifærin með sem bestum hætti fyrir íslenska hagsmuni, að fulltrúar atvinnulífsins tækju þátt í fyrrgreindri samræmingu.

Framangreindur kynningarfundur innihélt góða yfirferð yfir þær 7 áætlanir sem nú eru til skoðunar. Fundurinn fór hins vegar fram þegar opið samráð var þegar hafið. Í anda þess sem hér hefur komið fram, hefðu samtökin viljað koma fyrir að borðinu og taka þátt í samræmingarvinnu við mat á því hvaða samstarfsáætlanir voru valdar til þátttöku og hvernig þær samræmdust hagsmunum og þörfum íslensks atvinnulífs. Samtökin leggja því áherslu á að þessi mál séu, þegar horft er fram á veginn, unnin með aðkomu atvinnulífsins á öllum stigum og lýsa samtökin yfir vilja til að leggja sitt af mörkum til að svo megi vera.

Að mati samtakanna er því nauðsynlegt að setja á fót fastmótaða starfshætti, sem að lágmarki myndu fela í sér samráðshóp með atvinnulífinu. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að þær áætlanir sem nú eru til skoðunar eru sveigjanlegar og háðar stefnumótun ESB. Það er því mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að fá reglulega upplýsingagjöf frá stjórnvöldum um stöðu mála og möguleika á þátttöku.

Sveigjanlegar áætlanir og þáttökuskilyrði

Samstarfsáætlanirnar hafa nú strategískari nálgun en áður, þeim er markvisst beint að vinnu að pólitískum markmiðum ESB (samkeppnishæf, örugg og sjálfstæð Evrópa). Nálgunin er jafnframt þverlæg þar sem unnið verður þvert á málefnasvið og geira. Merki þess má sjá í nýjum Samkeppnishæfnisjóði Evrópu. Áætlanirnar eru sveigjanlegar og getur framkvæmdastjórn ESB breytt áherslum og fært fjármuni á milli áætlana.

Sveigjanleikinn getur falið í sér áskoranir fyrir EES EFTA ríkin. Í sameiginlegu álit EES EFTA ríkjanna frá 18. nóvember sl. lýstu ríkin yfir áhyggjum varðandi stöðu þeirra sem þátttakenda í samstarfsáætlunum ESB vegna innleiðinga nýrra hæfisskilyrða og aðgang þeirra að nefndum sem stýra áætlunum. Ríkin bentu á að nokkrar samstarfsáætlanir innihéldu hæfisskilyrði sem miða að því að vernda stefnumarkandi og efnahagslega hagsmuni ESB (EU preference). Ríkin lögðu áherslu á nauðsyn þess að tillit verði tekið til þeirra þáttökuréttinda sem tryggð eru í EES samningnum og náíð og virkt samstarf við evrópska samstarfsaðila á sviði varnar- og öryggismála. Samtökin taka undir þetta. Íslensk stjórnvöld verða að standa vörð um íslenska hagsmuni í tilvikum þar sem takmarkanir eða skorður eru settar við hæfi til þátttöku í samstarfsáætlunum. Slíkt myndi ekki aðeins skapa hindranir innan innri markaðarins,² heldur einnig skaða íslenska hagsmuni. Það er m.ö.o. ótækt að Ísland tryggi sér þátttöku í samstarfsáætlun með greiðslu fjármuna ef í ljós kemur að verkefni séu skilyrt því að fyrirtæki

² Sjá nánar hér: <https://www.efta.int/sites/default/files/uploads/2025-11/EEA%20EFTA%20Comment%20on%20EU%20programme%20proposals%202028-2034.PDF>



SAMORKA



SVP



f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Kristinn Meir Pjussón

f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björke Guðmundsdóttir

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

Asbjörk Guðadóttir

f.h. Samorku

Sveinn Helgason

f.h. Samtaka fyrirtækja í
fjármálaþjónustu

Jóns Björke Þreinsdóttir